

Kennsluáætlun 2023-2024

6. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára Björk Sigurðardóttir

Markmið:

Nemandi:

- Getur lesið texta við hæfi með góðum hraða, a.m.k. 105 orð á mínútu.
- Getur tjáð sig skýrt og áheyrilega, tekið þátt í samræðum og rökræðum.
- Getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
- Getur notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Getur greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð.
- Getur lesið sér til ánægju og fróðleiks og sagt frá þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Getur beitt hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, s.s. rím, ljóðstafi og boðskap.
- Getur aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna.
- Getur samið sögur og ljóð, skipulagt og orðað ýmsar tegundir texta, s.s. sögur, frásagnir og fyrirmæli og tjáð hugmyndir sínar og reynslu.
- Þekkir grunnþætti í uppbyggingu texta og hafi skoðað og skrifað ýmsar gerðir texta, s.s. sögur, ljóð, sendibréf o.fl.
- Getur skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum ritvinnslu.
- Þekkir nafnorð og eiginleika þeirra.
- Þekkir sagnorð og eiginleika þeirra.
- Þekkir lýsingarorð og eiginleika þeirra.
- Getur beitt þekkingu sinni á málfræði til að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar.
- Getur nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnagrunnum.

Kennsluáferðir/vinnulag:

- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám

Námsmat:

- Lesfimi í september, janúar og maí (lesfimiviðmið við lok 6. bekkjar eru a.m.k. 105 orð á mínútu)
- Orðarún – lesskilningspróf
- Símat
- Kannanir og próf
- Leiðsagnarmat
- Virkni og vinnubrögð í tímum

Námsgögn:

- Orðspor 2, lesbók og vinnubók
- Málrækt 2
- Fyrsti og annar Smellur
- Góður – betri – bestur 6A/6B
- Lesskilningsefni
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara